



HRUNAMANNAHREPPUR

20. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 1. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 14. JANÚAR 2016

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2016, þann 14. janúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, uppsögn samings vegna fjallaskála á Hrunamannaafretti. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps: Breytingar. Seinni umræða.
2. Hrunamannahreppur: Jafnréttisáætlun 2015-2019.
3. Íslenska lögfræðistofan: Högnastígur.
4. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um almennar íbúðir.
5. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigulög.
6. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsnæðisbætur
7. Samningur um tækjakaup og auglýsingar í íþróttahúsi: UMFH.
8. Uppgjörs- og verkamningur í Kerlingarfjöllum: Viðauki.
9. Samningar um refa- og minkaveiði.
10. Fjölmeningarsetur: Móttökuáætlanir vegna innflytjendamála.
11. Golfklúbbur Flúða: Endurnýjun samstarfssamnings.
12. Leikskólastjóri: Uppsögn.
13. Grafarland: Gerð deiliskipulags.
14. Merkingar á Hrunamannaafretti.
15. Endurskoðun aðalskipulags: Íbúafundur.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

16. Skólanefnd: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 21. desember s.l.
17. Skólanefnd: Fundargerð 3. fundar nefndarinnar vegna æskulýðsmála frá 21. desember s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnæssýslu:

18. Fundargerð 101. fundar Skipulagsnefndar frá 10. desember s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 9. desember s.l.
Mál nr. 15: Dalbær 3: Markaflöt: Stofnun lóðar.
Mál nr. 16: Tungufell: Íbúðar- og útihús: Deiliskipulagsbreyting.
Mál nr. 17: Efra-Sel: Umsókn um byggingarleyfi: Einbýlishús-breyting á notkun.
Mál nr. 18: Efra-Sel golfvöllur: Umsókn um byggingarleyfi: Breyting á fjósi.
Mál nr. 19: Flúðir: Umsókn um byggingarleyfi: Sótt er um leyfi til að setja upp auglýsingaskilti frá Límtré Vírnet við aðkeyrslu frá Skeiða- og Hrunamannavegi.
Mál nr. 25: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
19. Fundargerð 102. fundar Skipulagsnefndar frá 7. janúar s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 5. janúar s.l.
Mál nr. 14: Fjarlægð bygginga frá lóðamörkum. Alifugla-, svína- og loðdýrabú.
Mál nr. 15: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
20. Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.: Fundargerð 31. stjórnarfundar frá 28. desember s.l.
-Sameining Tækisviðs Uppsveita við Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs-
21. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 13. fundar stjórnar frá 15. desember s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Berggrísinn: Fundargerð aðalfundar Berggrísans bs. frá 30. október s.l.

- b. Héraðsnefnd Árneseinga bs.: Fundargerð 7. fundar Héraðsnefndar Árneseinga frá 15. og 16. október s.l.
- c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 168. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 27. nóvember s.l.

Kynningarmál:

- d. Fréttabréf Kerlingarfjallavina.
- e. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Samræmd lóðaafmörkun orkufyrirtækja.
- f. SASS: Skipulagsbreytingar.
- g. Mennta- og Menningarmálaráðuneytið: Eftirfylgni með úttekt á Leikskólanum Undralandi.
- h. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Framlenging ákvæðis um B-gatnagerðagjöld.
- i. Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.: Hvammsvegur framkvæmdaleyfi.
- j. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Almannaþing sveitarfélaga – gerð leiðbeininga um störf almannaþingarnefnda.
- k. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Umsögn um gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs.
- l. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Vsk af almenningssamgöngum.
- m. Menntamálastofnun: Læsiþing Menntamálastofnunar.
- n. Innanríkisráðuneytið: Staðfesting ráðuneytis vegna skóla- og velferðarþjónustu Árneseinga bs.
- o. Dómur hæstaréttar: Félagsbúið Tungufelli gegn Kirkjumálasjóði.
- p. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 833. fundar stjórnar frá 30. nóvember s.l.
- q. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 834. fundar stjórnar frá 11. desember s.l.
- r. Áfangaskýrsla Art verkefnisins á Suðurlandi fyrir starfsárið 2015.
- s. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Viðbótarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk.
- t. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 2 vegna Hvammsvegar.
- u. Yfirskattanefnd: Kæra frá Hitaveitu Flúða.

Fundir framundan:

- v. Fræðslunetið: Boðsbref á hátíðarfund Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps: Breytingar. Seinni umræða.**

Oddviti kynnti breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins nr. 580/2013 til seinni umræðu. Um er að ræða breytingu á formi tveggja samstarfsverkefna sem sveitarfélagið hefur tekið þátt í og til að færa þau í form byggðasamлага. Breytingarákvæðin snúa því að búið er að stofna byggðasamlag um Skóla- og velferðarþjónustu Árneseinga bs og Berggrísann bs sem fer með málefni fatlaðs fólks. Sveitarstjórn samþykkir meðfylgjandi breytingar á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og felur sveitarstjóra að auglýsa þær í Stjórnartíðindum.
2. **Hrunamannahreppur: Jafnréttisáætlun 2015-2019.**

Oddviti kynnti drög að Jafnréttisáætlun 2015-2019 fyrir Hrunamannahrepp. Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.
3. **Íslenska lögfræðistofan: Högnastígur.**

Oddviti kynnti bréf frá Íslensku lögfræðistofunni vegna greiðslu framkvæmda við Högnastíg. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.
4. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um almennar íbúðir.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um almennar íbúðir.
5. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigulög.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um húsaleigulög.
6. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsnæðisbætur.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um húsnæðisbætur.

7. **Samningur um tækjakaup og auglýsingar í íþróttahúsi: UMFH.**
Oddviti kynnti samning sem Ungmennafélag Hrunamanna og Hrunamannahreppur gera með sér um tækjakaup og auglýsingar vegna íþróttahússins á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Halldóra vísar sæti við afgreiðslu og meðferð málsins.
8. **Uppgjörs- og verksamningur í Kerlingarfjöllum: Viðauki.**
Oddviti kynnti viðauka við uppgjörs- og verksamning sem Hrunamannahreppur og Fannborg ehf gerðu með sér vegna greiðslu lóðarleigu og umsjónar fyrir deiliskipulagt svæði í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn samþykkir viðaukann við samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
9. **Samningar um refa- og minkaveiði.**
Oddviti kynnti samninga sem hafa verið í gildi um refa- og minkaveiðar í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að gera áframhaldandi samninga við refa- og minkaveiðimenn sveitarfélagsins í samræmi við umræður á fundinum.
10. **Fjölmenningarsetur: Móttökuáætlanir vegna innflytjendamála.**
Oddviti kynnti bréf frá Fjölmenningarsetrinu þar óskað er eftir upplýsingum um stöðu móttökuáætlunar vegna innflytjenda hjá sveitarfélaginu. Nú er í lokavinnslu gerð upplýsingarits fyrir nýja íbúa í sveitarfélaginu auk þess sem skólar sveitarfélagsins eru samhliða að vinna í sínum upplýsingarmálum, m.a. vanga móttöku innflytjenda. Sveitarstjórn telur því að þessi vinna sé í góðum farvegi og felur sveitarstjóra að svara erindinu.
11. **Golfklúbbur Flúða: Endurnýjun samstarfssamnings.**
Oddviti kynnti endurnýjun á samstarfssamningi milli Hrunamannahrepps og Golfklúbbs Flúða. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Unnsteinn vísar sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
12. **Leikskólastjóri: Uppsögn.**
Oddviti kynnti uppsögn Halldóru Halldórsdóttur leikskólastjóra í leikskólanum Undralandi. Sveitarstjórn þakkar Halldóru fyrir góð störf í þágu skólans og felur sveitarstjóra og formanni skólanefndar að auglýsa eftir nýjum leikskólastjóra. Unnsteinn vísar sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
13. **Grafarland: Gerð deiliskipulags.**
Oddviti kynnti stöðu mála varðandi Grafarlandið á Flúðum. Nú um áramótin rann út frestur sem Heilsuþorpið hafði frá sveitarfélaginu til koma sínum áformum í framkvæmd. Jafnframt hefur Vesturport og eigendur fasteigna Minjasafns Emils í Gröf lýst áhuga sínum á framtíðar skipan svæðisins. Sveitarstjórn telur heppilegt að endurskoða áform um framtíð svæðisins þannig að það myndi þjóna blandaðri starfsemi s.s. ferðaþjónustu, verslun, annarri þjónustu og íbúðabygging. Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita og sveitarstjóra að kalla eftir tilboðum og hugmyndum frá fagaðilum til að deiliskipuleggja svæðið í samræmi við ofangreind markmið og í samvinnu við hagsmunaaðila á svæðinu.
14. **Merkingar á Hrunamannaafrétti.**
Oddviti fór yfir þörfina á því að koma upp fleiri og betri merkingum á Hrunamannaafrétti. Sveitarstjórn vísar málinu til Landbúnaðarnefndar og óskar eftir tillögum frá nefndinni.
15. **Endurskoðun aðalskipulags: Íbúafundur.**
Sveitarstjórn samþykkir að haldinn verði íbúafundur í Félagsheimilinu á Flúðum mánudaginn 1. febrúar kl. 20:00 þar sem kynnt verður vinna vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps. Húsið opnar hins vegar kl. 19:00 fyrir áhugasama til kynna sér gögn og ræða við skipulagsráðgjafa.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

16. **Skólanefnd: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 21. desember s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar skólanefndar. Þar var fjallað um uppsögn leikskólastjóra og málin rædd. Lagt var til að staða leikskólastjóra yrði auglýst og fengin yrði ráðgjafi til að meta starfsemina og styrkja starfsandann. Leikskólastjóri fór yfir stöðu varðandi starfsumsóknir og inntöku nýrra nemenda. Þá var fjallað um trúnaðarmál sem fært var í trúnaðarbók. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

17. Skólanefnd: Fundargerð 3. fundar nefndarinnar vegna æskulýðsmála frá 21. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð skólanefndar vegna æskulýðsmála. Þar fór forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Zero yfir starf haustsins. Þá voru skipaðir þrír fulltrúar í Ungmennaráð Hrunamannahrepps sem voru þau Jón H. Vignisson, Rúnar Guðjónsson og Hrafnhildur Sædís Benediktsdóttir. Nemendaráð Flúðaskóla hefur skipað Nóa Mar Jónsson í ráðið og Félagsmiðstöðin Zero Sigríði Helgu Steingrímsdóttur. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og felur jafnframt sveitarstjóra og forstöðumanni Zero að gera drög að erindisbréfi og boða til fyrsta fundar Ungmennaráðs.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

18. Fundargerð 101. fundar Skipulagsnefndar frá 10. desember s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 9. desember s.l.

Mál nr. 15: Dalbær 3: Markaflöt: Stofnun lóðar.

Lögð fram umsókn um stofnun 20,1 ha spildu úr landi Dalbæjar 3 utan um deiliskipulagðar frístundalóðir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun spildunnar með þeim fyrirvara um að á uppdrætti komi fram skýr kvöð um aðkomu um land Dalbæjar 3 og samþykki aðliggjandi landeiganda á hnitsetningu landamarka. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 16: Tungufell: Íbúðar- og útihús: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi bæjartorfu Tungufells þar sem verið er að stækka skipulagssvæðið og breyta lóðastærðum innan skipulagssvæðisins o.fl.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leitað verði umsagnar Minjastofnunar Íslands. Ekki er gerð athugasemd við landskipti í tengslum við stofnun íbúðarhúsaloðar.

Mál nr. 17: Efra-Sel: Umsókn um byggingarleyfi: Einbýlishús-breyting á notkun.

Sótt um leyfi til að breyta íbúðarhúsi í gistiheimili.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að grenndarkynna umsóknina skv. ákvæðum 44. gr. skipulagslaga og ef engar athugasemdir berast að vísa málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Unnsteinn vísar sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

Mál nr. 18: Efra-Sel golfvöllur: Umsókn um byggingarleyfi: Breyting á fjósi.

Sótt um leyfi til að breyta fjósi í bændamarkað.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að ekki sé þörf á að grenndarkynna umsóknina og samþykkir að heimila byggingarfulltrúa að afgreiða umsókn um byggingarleyfi. Unnsteinn vísar sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

Mál nr. 19: Flúðir: Umsókn um byggingarleyfi: Sótt er um leyfi til að setja upp auglýsingaskilti frá Límtré Vírnet við aðkeyrslu frá Skeiða- og Hrunamannavegi.

Sótt um leyfi til að setja upp auglýsingaskilti frá Límtré-Vírnet ehf við aðkeyrslu frá Skeiða- og Hrunamannavegi á Flúðum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að veitt sé leyfi fyrir skiltinu í samræmi við umsóknina með fyrirvara um jákvæða umsögn Vegagerðarinnar.

Mál nr. 25: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 9. desember s.l.

19. Fundargerð 102. fundar Skipulagsnefndar frá 7. janúar s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 5. janúar s.l.

Mál nr. 14: Fjarlægð bygginga frá lóðamörkum. Alifugla-, svína- og loðdýrabú.

Óskað var eftir að því að skipulagsnefnd tæki til umræðu og marki stefnu um fjarlægð bygginga að lóðarmörkum fyrir alifugla, svína og loðdýrabú og skipulagsfulltrúa falið að skoða reglur í öðrum löndum vegna slíkra mála.

Mál nr. 15: Afgreiðslur byggingafultrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafultrúa frá 5. janúar s.l.

20. Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.: Fundargerð 31. stjórnarfundar frá 28. desember s.l.

-Sameining Tæknisviðs Uppsveita við Skipulags- og byggingafultrúa Uppsveita bs-

Oddviti kynnti fundargerð 31. fundar stjórnar byggðasamlagsins. Þar var Helga Kjartanssyni byggingafultrúa þakkað fyrir vel unnin störf og Rúnar Guðmundsson boðinn velkominn til starfa. Farið var yfir skýrslu R3 ráðgjöf og mælt með að fella starfsemi Tæknisviðs undir Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita b.s frá og með áramótum. Einnig voru seyrumálin skoðuð. Sveitarstjórn samþykkir að fella starfsemi Tæknisviðs Uppsveita undir Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs frá og með 1. janúar 2016 og fundargerðina að öðru leyti.

21. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfnings: Fundargerð 13. fundar stjórnar frá 15. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar nefndarinnar. Þar var lögð fram til kynningar skýrsla um ytra mat skólaþjónustunnar unnin af Gerði G. Óskarsdóttur. Einnig var lagt fram til kynningar samkomulag um tilraunaverkefni Vinnuálastofnunar Suðurlands og Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfnings auk trúnaðarmála. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

Önnur mál:

22. Uppsögn samnings vegna fjallaskála á Hrunamannafrétti.

Oddviti kynnti uppsögn vegna samnings um umsjón fjallaskála sveitarfélagsins á Hrunamannafrétti. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að auglýsa eftir nýjum aðilum vegna útleigu á fjallaskálunum.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Bergisinn: Fundargerð aðalfundar Bergisins bs. frá 30. október s.l.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Héraðsnefnd Árneshöfnings bs.: Fundargerð 7. fundar Héraðsnefndar Árneshöfnings frá 15. og 16. október s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 168. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 27. nóvember s.l.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- d. **Fréttabréf Kerlingarfjallavina.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Samræmd lóðaafmörkun orkufyrirtækja.** Lagt fram til kynningar.
- f. **SASS: Skipulagsbreytingar.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Mennta- og Menningarmálaráðuneytið: Eftirfylgni með úttekt á Leikskólanum Undralandi.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Framlenging ákvæðis um B-gatnagerðagjöld.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.: Hvammsvegur framkvæmdaleyfi.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Almannaþing sveitarfélaga – gerð leiðbeininga um störf almannaþingarnefnda.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Umsögn um gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Vsk af almenningssamgöngum.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Menntamálastofnun: Læsteymi Menntamálastofnunar.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Innanríkisráðuneytið: Staðfesting ráðuneytis vegna skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfnings bs.** Lagt fram til kynningar.
- o. **Dómur hæstaréttar: Félagsbúið Tungufelli gegn Kirkjumálasjóði.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 833. fundar stjórnar frá 30. nóvember s.l.** Lagt fram til kynningar.

- q. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 834. fundar stjórnar frá 11. desember s.l.** Lagt fram til kynningar.
- r. Áfangaskýrsla Art verkefnisins á Suðurlandi fyrir starfsárið 2015.** Lagt fram til kynningar.
- s. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Viðbótarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk.** Lagt fram til kynningar.
- t. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 2 vegna Hvammsvegar.** Lagt fram til kynningar.
- u. Yfirskattanefnd: Kæra frá Hitaveitu Flúða.** Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- v. Fræðslunetið: Boðsbréf á hátíðarfund Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:30.